

Skrá 12. Skógerð

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins XII.

Nefndust skinn sem nota átti til skógerðar, einu nafni skæðaskinn? Segið frá mismunandi skinnaverkun:

A) Sortulituð skinn: Voru skinn sortulituð? Hvenær var sortulynginu safnað og hver gerði það? Hvernig var það meðhöndlað áður en litað var úr því (vatn látið standa á því t.d. og þá hve lengi? Í hvers konar íláti? Mátti litarlögurinn ekki frjósa? Var brúnspónn settur saman við vatnið?). Hver annaðist litunina? Hvaða pottur var notaður til að lita í? Hve lengi var soðið? Hvenær voru skinnin (bjórarnir) lögð í litarlöginn? Voru þau lögð í hann volgan eða kaldan, og hve lengi voru þau látin liggja í honum? Voru þau látin oftár en einu sinni ofan í löginn og þá ef til vill þurrkuð á milli? Voru þau spýtt að lokinni litun og hvar (á þil, vegg, skinnagrindur (þanir) t.d.)?

Hvernig var gengið frá þeim til geymslu og hvar voru þau geymd?

B) Eirlituð skinn: Voru skinn eirlituð? Hvernig var eirinn fenginn? Var hann í stöngum eða plötum og þá klipptur (bútaður) niður fyrir notkun? Úr hvaða legi var litað (vatni, keytu t.d.)? Var sérstakur dallur notaður til þessara nota, og hvað nefndist hann? Lýsið honum. Þurfti oft að hræra í honum eða hreyfa hann meðan litun var undirbúin? Hve langan tíma þurfti lögurinn að standa á eirnum? Lýsið eirlituninni. Hvernig var hirt um skinnin að litun lokinni? Var önnur aðferð notuð við eirlitun (eirinn sorfinn í blaut skæði t.d.)? Hve langan tíma þurfti skæðaskinnið að liggja með eirnum? Lýsið þessu.

C) Hellulituð skinn: Voru skinn lituð með hellulit? Hvar var hann fenginn? Var nokkurt annað efni (at, sorta) notað með litnum til að festa hann? Var þetta e.t.v. stundum gert í sambandi við aðra litun? Lýsið lituninni.

D) Álúnselta: Var algengt að álúnselta skinn? Hvað nefndist aðferðin? Hvaða efni voru notuð ásamt álúni (salt, vatn t.d.)? Í hvaða hlutföllum var þeim blandað saman? Var vatnið yljað fyrir notkun? Hvernig ílát var notað undir það? Hve lengi var skinnið látið liggja í álúnsleginum? Hvernig var gengið frá því til þurrkunar og hvar var það þurrkað? Hvernig var aðferðin við að elta það?

E) Blásteinslituð skinn: Lýsið blásteinslitun. Var kindagall látið í blásteininn og til hvers?

F) Reykt skinn: Hvers vegna voru skæðaskinn reykt? Voru þau reykt í eldhúsum? Hvernig var búið um þau í reykingu og hversu lengi voru þau reykt?

Þekktust fleiri aðferðir við skinnaverkun? Hvað réði því, hvaða verkunaraðferð var notuð hverju sinni? Segið frá aldri verkunaraðferða, eftir því sem um er vitað. Hver annaðist verkunina aðallega?

Bryddingaskinn.

Hvað skinn voru einkum notuð í bryddingar á skó? Voru margar aðferðir við að elta skinn í bryddingar? Lýsið þeim og áhöldum, sem notuð voru við verkið (brák t.d.).

Var annað en skinn haft í bryddingar?

Þvengjaskinn.

Voru viss skinn, öðrum fremur, notuð í þvengi, og var þá sérstaklega miðað við mýkt þeirra og seigju? Var sérstaklega sælst til að nota skinn af horuðu fé eða sjálfdaudu í þvengi? Að

hvaða leyti þótti það hentugt? Nefndust þau skinn ákveðnum nöfnum (faribjór, fariroð, fariskinn t.d.)? Voru þau rotuð eða rökuð fyrir notkun? Hvað er annars um verkun þeirra að segja, t.d. lögð í keytu, skafin og hert? Lýsið því.

Var skinn úr aflögðum skinnklæðum notað í þvengi eða á annan hátt til skógerðar?

Var hundsskinn haft í þvengi? Var það rotað eða rakað, er nota átti það í þvengi? Þóttu þvengir úr hundsskinni betri en aðrir, og ef svo var þá hvers vegna? Voru þeir sérstaklega geymdir til að nota í ferðaskó?

Segið frá öðru þvengjaefni; hvenær var t.d. farið að nota snæri í þvengi?

Hvað orð eða málshætti, leidd af þvengjum, kannast menn við (þvengmjór; á mjóum þvengjum læra hundarnir að stela, t.d.)?

Seymi.

Hvað nefndust dýrasinar, sem notaðar voru við skósaum (seymi t.d.)? Var seymi nefnt eftir því úr hvaða skepnu það var (nautsseymi, hrossseymi, hvalseymi, o.s.frv.)? Var seymi oft tekið úr hrossum, er þeim var slátrað? Hvar var seymið tekið af skepnunni (innan af hrygg, bógum eða vélinda)? Lýsið verkinu.

Var seymisefni skorið frá hryggnum með lundunum? Hvenær var það skorið frá lundunum? Hvernig var seymi verkað? Var seymislengjan t.d. vafin saman, sett í tusku og ýlduð í fjósi? Hvenær var hún hreisuð (skafin)? Hvernig var það gert? Var seymislengjan um leið rist eða skafin niður í lengjur og hvernig var það gert (t.d. með hníf, al eða nögl)? Hvernig og hvar var seymi þurrkað og hvernig var búið um það til geymslu? Hvað nefndist seymishönkin (seymisbrúað t.d.)? Hvað nefndist einn seymisþráður (seymistygill t.d.)? Hvar var seymi geymt (í hirslu eð rúmi t.d.)?

Segið frá hvalseymi. Hvar var það tekið af skepnunni? Af hvaða skepnum fékkst best seymi? Var fiskroð, t.d. álaroð, stundum notað í vörp eða skóþvengi? Hvernig var það verkað og geymt? Hvenær og hvernig var það klippt (skorið) niður í ræmur?

Skæði.

Nefndist fullsniðið efni í skó einu nafni skæði? Var gerður greinarmunur á nafninu eftir því, hvort skæðið var úr nautshúð, sauðskinni eða öðru efni (leðurskæði, skinnskæði o.s.frv.)? Hvað nefndist vinnan við að skera skæði (að sníða skæði eða annað)? Hvort var það fremur verk húsbónda eða húsmóður að sníða skæði? Sneið húsmóðirin e.t.v. fremur skinnskæði? Voru öll skinn lögð í bleyti, áður en sniðið var úr þeim? Voru skæðin venjulega sniðin á baðstofugólfinu? Var sniðið eftir vissri reglu úr hverri húð og hverju skinni (hrygglangja sér, síður sér, nárar sér)? Voru skór karlmanna helst sniðnir úr hrygglangju, kvenna úr síðum og barna úr afgangum og nárum? Kom fyrir að barnsskór væru gerðir úr hrútsprungum? Hvernig var verkun þeirra hagað?

Vissu menn nokkurn veginn, hve mörg skæði fengust úr hverri húð eða skinni? Var verðlag á þeim ef til vill stundum miðað við það?

Hvaða áhöld voru notuð við að sníða skæði (hnífur, alinmál, skæri t.d.)? Hvað var talin hæfileg lengd á skæði, mælt í þumlungum, a) karlmanns, b) kvenmanns, c) barns? Var talað um það og við miðað, að hver maður þyrfti stuttspönn sína og hálfa fingurhæð (hálfa mælu) í skæði, utan yfir eina sokka?

Hvaða munur var á langspönn og stuttspönn? Var fingurhæð (ein mæla) miðuð við löngutöng og hálf fingurhæð miðuð við miðhnúa?

Var nokkur sambærileg regla til um skæðisbreidd, t.d. stuttspönn eða skæðið lagt saman mælt í greip milli vísifingurs og löngutangar?

Var nokkur sambærileg regla til um skæðisbreidd, t.d. stuttspönn eða skæðið lagt saman og mælt í greip milli vísifingurs og löngutangar?

Var skæðið haft jafnbreitt að framan og aftan? Var skorinn geiri í það fyrir hælsum? Var

nokkuð skorið úr samsvarandi fyrir tásaum? Var flegið (skorið) ofan af skæðisjööðrunum allt umhverfis leðurskæði, svo þjállda væri að sauma það? Hvað var það nefnt (að skera undan t.d.)? Var skorið undan á holdrosu? Var rakað utan af skæðisjööðrum og undan holi á selskinni, en skæðið órakað að öðru? Þekktist það einnig á skæðum úr nautsleðri? Teiknið eða klippið skæði í fullri stærð.

Voru skæði venjulega sniðin sama dag og átti að gera skóna? Mátti ekki sniða skæði eða gera skó á vissum dögum, t.d. á sunnudögum og mánudögum handa sjómönnum? Hvað lá við? Kom fyrir, að auka þyrfti við skæði, sem búið var að sniða? Þótti það heillavænlegt fyrir þann, sem átti að fá skóinn?

Áhöld til skógerðar

Skónálar. Hvaða gerðir af nálum voru notaðar við skógerð? Hafði hver sitt hlutverk? Lýsið einstökum gerðum og segið frá nálaheitum (skónál, varpanál, þvengjanál, síll o.s.frv.). Segið frá nálaefni, nálasmiði og nálasmiðum.

Nálhús. Lýsið nálhúsum. Þekktust margar gerðir þeirra? Hvaða nöfn báru þau (prilla, fjaðranálhús t.d.).

Fingurbjörg. Lýsið fingurbjörgum. Þekktust íslenskar fingurbjargar, úr málm, leðri eða öðru efni?

Skógerð.

Voru vissir dagar á árinu notaðir til skógerðar, t.d. fyrir sláttinn, smölun, jólin eða verferðina? Var nokkuð rætt um það, hvað væri hæfilegur tími til að fullgera eina skó?

Var talað um það, að mannsefni stúlku færi eftir útliti á fyrstu skóm, sem hún gerði? Hvað voru stúlkur gamlar, yfirleitt, þegar þær fóru að gera skó á sig eða aðra? Gerðu karlmenn skó að einhverju eða öllu leyti? Gerðu þeir e.t.v. fremur einhverja sérstaka tegund af skóm (sjóskó t.d.)? Var verkið aðeins nefnt "að gera skó" og "skógerð"? Höfðu konur eitthvert stykki til hlífðar á hnjúnum þegar þær gerðu skó? Höfðu þær brýni hjá sér, er þær gerðu skó (skónálabrýni)?

Skónöfn:

Höfðu skór mismunandi nöfn eftir efni þeirra eða notagildi (leðurskór, húðarskór, hemingar eða heimingaskór, kálfskinnskór, kúskinnskór, sauðskinnskór, selskinnskór, hvalleðurskór, roðskór skrápskór, brúðkaupsskór, engjaskór, ferðaskór, fermingarskór, fjallaskór, gönguskór, jólastkór, spariskór, verskór o.s.frv.).

Var orðið skinnskór aðeins notað um skó úr sauðskinni? Voru skór úr kálfskinni og selskinni e.t.v. einnig nefndir skinnskór?

Leðurskór (verptir skór).

Lýsið verptum skóm. Getið m.a. eftirfarandi atriða: Nefndist tásaumur og hælsaumur á skó einu nefni skósaumur? Hvaða nál var notuð við skósaum (þristrend nál, síll)? Hvernig var gengið frá endahnúti á seymi, sem notað var við skósaum? Var ull brugðið í hann til stöðvunar? Mátti ullin ekki vera svört? Hvað lá þá við?

Var skæðið brotið saman um miðju á langveginn, er saumað var? Var fyrsta nálspor tekið við brotið? Var nálinni stungið gegn um báða saumjaðra við fyrsta spor og síðan saumað gegn um jaðrana á víxl? Hvernig var gengið frá saumenda, er saumi var lokið (eins og í byrjun t.d.)?

Var annar saumur stundum notaður við skógerð (þræðingaspur, lausastangl t.d.)? Lýsið því. Gott væri að fá sýnishorn af saumi, t.d. í sundurklipptri bót úr þykku ullarefni eða skinni.

Á hvaða stigi skógerðarinnar var skónum snúið við?

Var þvengur fremur en seymi notaður til að verpa með? Lýsið varpþveng, lengd og breidd.

Var lengd varþþvengs miðuð við, að hann nægði einnig í hælbönd? Hvaða nál var notuð við verpingu (skónál, varpnál)? Hvar var byrjað að verpa skóinn? Hve langur spotti af varþþvengnum var ætlaður í annað hælbandið (óðreginn í gegn)? Var hnýttur hnútur á hann við skóinn til stöðvunar? Lýsið verpingu. Hvernig var gengið frá endanum á varþþvengnum, er lokið var við að verpa skóinn?

Voru ristarpvengir venjulega notaðir á útiskóm? Hvernig voru þeir dregnir í skóinn? Hvernig voru þvengir bundnir upp um ökla og rist? Voru hælþvengir jafnan víxllagðir (krosslagðir) aftan á hælnum?

Skinnskór (bryddir skór).

Voru spariskór karla og kvenna yfirleitt úr sauðskinni? Þekktist vart annað en að þeir væru bryddir (bryddaðir - hvort var fremur sagt)? Voru þeir saumaðir með skóþræði? Hve margfaldur var saumþráðurinn að jafnaði? Hvaða saumgerð var notuð við tásaum á brydduðum skóm (stang, lausastangl, afturstingur t.d.)? Lýsið saumnum.

Var önnur saumgerð notuð við hælsuminn (skósaumur t.d.)?

Gott væri að fá sýnishorn af saumgerðum. Með hverju var verpt? Lýsið nál, nálþræði og verpingu.

Voru skórnir mátaðir, áður en þeir voru bryddir, til að athuga, hvort hæfilega væri dregið undir bryddingu? Var talað um, að skóopið þyrfti að falla að fætinum, áður en farið væri að brydda skóinn? Hve breiðar skinnræmur voru notaðar í bryddingu? Var annað en eltiskinn notað í bryddingu?

Lýsið bryddingu frá byrjun til enda. Hvernig var saumað, og hvað nefndist saumurinn? Voru hælþvengir stundum notaðir við brydda skó, t.d. barnaskó? Voru dæmi þess, að eltiskinnþvengir væru dregnir í skó meðfram vörpum til skrauts?

Á hvaða stigi var skógerðin, þegar skónum var snúið við?

Fékk hver heimilismaður brydda skó fyrir jólin? Var algengt að nota brydda skó til gjafa? Bar fólk spariskó (kirkjuskó) sína með sér, er það gekk til kirkju?

Aðrir skór.

Voru sjóskór gerðir úr nautshúð eða hrosshúð eða hvoru tveggja? Hvar var skóefnið tekið úr húðinni og hvernig var farið með það, áður en gerðir voru úr því skór? Voru gerðir sjóskór úr hvalleðri? Hvar var það tekið af hvalnum og hvernig var það verkað áður en gerðir voru skór úr því? Voru gerðir sjóskór úr taglhári og hvernig? Voru sjóskór verptir með togþræði, taglhári eða snæri? Hvenær var farið að nota sútað leður í sjóskó? Var notað leður stundum haft í sjóskó, t.d. úr hlífaskinum á hnökkum eða úr stígvélum? Voru aflagðir sjóskór notaðir eitthvað, t.d. í skóbætur?

Segið frá öðrum skóm gerðum úr hvalleðri. Þótti vandhæfi á að gera skó úr hvalleðri? Hvers vegna? Hve lengi entust skór úr hvalleðri að jafnaði Hvað nefndust þeir?

Þekktist það að skór hafi verið riðnir úr víðitágum? Til hvers voru slíkir skór ætlaðir?

Segið frá skrápskóm og roðskóm. Hvernig var hákarlsskrápur verkaður í skó? Segið frá skógerð úr hákarlsskráp og skónotkun. Þóttu þeir öðrum skóm hentugri í einhverju sérstöku veðurfari eða við einhver ákveðin störf? Var háfsroð nokkurn tíma notað í skó? Hvernig var roðið tekið af steinbít, ef átti að nota það í skó? Hvernig var það verkað? Voru skór úr steinbítroði opnir á hæl og tá? Hvað hétu skór úr fram- og afturoði steinbítis, og hvorir voru betri? Segið frá skóm úr sköturoði.

Segið frá að hvaða leyti skór úr hvalleðri, skráp eða roði voru ætlaðir:

a) karlmönnum, b) kvenmönnum, c) börnum, og að hvaða leyti þeir voru notaðir við viss störf, heim og heiman eftir veðri eða árstíð. Voru þeir ef til vill notaðir af því að skinn væru ekki til?

Til eru frásagnir um það, að á Vestfjörðum hafi lengdir fjallvega verið mældar eftir því, hve mörg þör af roðskóm hafi þurft á leiðinni yfir þær, og þær því nefndar svo og svo margar

roðskóaheiðar. Sumir draga sannleiksgildi slíkra frásagna í efa, og væri því æskilegt að fá örugga vitneskju um þetta atriði og þá einnig, hvort svipuð málvenja hafi tíðkast víðar. Hversu margar roðskóaheiðar (eða var ekki tekið svo til orða?) voru hinir ýmsu fjallvegir? - Þjóðminjasafninu er mikil þökk í að fá send sýrhorn af roðskóm og skrápskóm, þar eð engir slíkir skór eru til á safninu.

Hvenær er almennt hætt að ganga á hinum ýmsu gerðum af íslenskum skóm -- Eru þeir ef til vill eitthvað notaðir enn af roskenu fólki? Við hvaða störf (sem inniskór t.d.)?

Skóbætur.

Voru skóbætur skornar úr gömlum, ónýtum skóm? Hvaða skinn var annars notað í skóbætur (skæklar, útnárar, hemingar, hrútsþungar t.d.)? Var skóbótaforði venjulega til á bæjum? Hvað nefndist hann (skóbótakippa t.d.)? Var sérstakur skóbótasnagi í eldhúsi eða annars staðar?

Voru mismunandi aðferðir til að sauma bætur í skó? Lýsið þeim.

Voru dæmi þess, að bætur væru hnoðaðar með blýsaum í skó? Hvað nefndust þessar skóbætingar (að skóbæta, næla skó, tjasla skó o.s. frv.)? Var orðið skótjasl notað um lélega skó eða viðgerð þeirra? Var orðið rosabullur haft um þvælda og blauta leðurskó? Þekktist orðið geifla í sömu eða svipaðri merkingu? Var talað um að skór væru nasbitnir? Hvað fólst í því? Hafði hver karlmaður sína þjónustu, sem leit eftir skóm hans að kvöldi, ekki síður en öðrum plöggum (þjónusta, þjónustumaður)? Voru dæmi þess, að fólk hefði skóbætur, þvengi og skónálar með sér á ferðalögum?

Skóstíll.

Áttu konur sérstaka skóstíla úr málmi eða beini til að nota, er gert var við varpslitna eða gamla skó, til að stanga úr vörp eða herða á vörpum? Lýsið þeim. Hvað nefndust þeir? Voru til sérstakar skóþurrkur? Úr hvaða efni einna helst? Hvað nefndust þær (skóþurrka, skóskeini, t.d.)?

Skógeymsla.

Hvar varðveitti fólk spariskó sína að jafnaði (í fatakestu t.d.)? Voru sérstakir skósnagar til að hengja hversdagsskó á bæjardyrum eða annars staðar? Átti fólk sérstaka skó til að hafa á fótum innanbæjar, er komið var frá útverkum (við baðstofuvinnu t.d.)? Hvernig lögðu menn skó frá sér, er þeir háttuðu að kvöldi? Voru þeir hengdir á rúmstólpa eða lagðir á gólf, þannig að tær vísuðu fram á gólfid? Þekktist nokkur þjóðtrú í sambandi við það, hvernig ganga átti frá skóm undir svefn? Voru skór vafðir innan í ull eða klæði undir nóttu, er mjög kalt var í húsum?

Þekktist það, að skór væru geymdir til minja, t.d. brúðkaupsskór? Þekktist nokkur þjóðtrú í sambandi við það?

Íleppar.

Hvaða nöfn voru notuð um skóleppa almennt? Hvaða nafn var algengast Fór efnið e.t.v. eftir gerð leppsins og notkun (spari, hversdags)? Lýsið efni í prjónaða leppa (ull, bandi). Hvað nefndist prjónið (garðaprjón, hryggjaprjón t.d.)? Lýsið því.

Hvaða hluti leppsins var prjónaður fyrst og hvað síðast? Hvað nefndust endar (totur) á lepp?

Voru ákveðnar fyrirsagnir um lykkjufjölda, úrtökur, aukningu, umferðafjölda o.þ.h.? Voru hversdagsleppar yfirleitt ekki með útprjóni, aðeins þver- og langröndóttir?

Hvernig var litavali háttað (grunnlitur, litir í röndum)?

Hvernig var gengið frá jaðrinum á hversdagsleppum (prjónað garðaprjón utan með eða heklað)?

Voru leppar sniðnir úr ónýtu prjónlesi eða öðrum plöggum? Nefndust þeir eitthvað sérstakt (stangleppar, stykkjasparir t.d.)? voru þeir settir saman úr mislitum stykkjum, og hvernig var

sú samsetning með tilliti til litavals o.þ.h.? Gerið rissmynd af slíkum leppum, ef þið getið. Voru sparileppar yfirleitt með útpnjóni og slyngdir á jöðrum? Segið frá litavali, grunnlit og litum í útpnjóni. Var fast form á því að meira eða minna leyti? Var leppurinn (leppefnið) prjónaður tvöflaldur, eins og t.d. framleistur í sokk? Hvernig voru fyrirsagnir um lykkjufjölda, úrtökur, aukningu, umferðafjölda o.þ.h.? Bar útpnjónið í endum venjulega svip af útpnjóninu í miðjunni? Var leppnum skipt í tvo hluta að prjóninu loknu (klipptur eftir jaðrinum allt umhverfis)? Var fóðrað undir sparileppa? Hvað var notað í fóðrið? Hvernig var aðferðin við að slyngja jaðrana? Nefndist það annað (að slengja t.d.)? Voru yfirleitt höfð tengsli í leppum? Nefndust þau annað (vindingar t.d.)? Gekk útpnjón í leppa undir ákveðnum nöfnum? Kannast menn við þessi eða önnur nöfn á útpnjóni í leppum: áttablaðarós, hamrarós, stigarós, vindrós, högnakylfa, jurtapottur, klóapnjón, stundaglas, tígull o.s.frv.? Voru til mörg afbrigði af sama munsti? Mátti ekki prjóna krossmark í leppa? Hvers vegna? Var algengt að nota leppa til gjafa? Voru leppar eitt af því fyrsta, sem börn lærðu að prjóna? Voru leppar þæfðir fyrir notkun? Voru sparileppar venjulega látnir vera innan í spariskónum í fatakestunni? Voru þeir geymdir annars staðar? Var annað en leppar notað innan í skó (hey t.d.)? Nefndist það nokkuð? Þjóðminjasafni Íslands væri mikil þökk á þessum og öðrum fróðleik um íleppa. Einnig væri því mjög kærkomið að fá sýnishorn af spari- og hversdagsleppum sem víðast að, gatslitnir leppar ekki síður vel þegnir en ónotaðir.

Almennur fróðleikur um skó.

Segið frá öðru, sem varðar íslenska skóinn og notkun hans. Skrifðið einstök orð um skó, önnur en þegar eru nefnd, einnig orðtök og málshætti og vísur um skó eða íleppa, er lifa í minni manna. Þá væri einnig fróðlegt að fá að vita eitthvað um þjóðtrú í sambandi við skó, fram yfir það sem þegar hefur verið spurt um, svo sem það, hvort sængurkonur hafi ævinlega átt að setja upp nýja skó, er þær stigu upp af sænginni og hvað við lá, ef þessa var ekki gætt. Hver gerði henni skóna, og hvað var gert við hina gömlu? Hvað var það kallað, ef menn klæddu sig bæði úr skó og sokk af öðrum fætinum fyrst (að klæða af sér lánið t.d.)? Var þá hægt að klæða sig í lánið aftur? Einnig væri æskilegt að fá að vita eitthvað um hversu lengi skór úr hinum ýmsu skinn- eða leðurtegundum entust að jafnaði og eftir hverju það fór. Segið einnig eitthvað um reynslu ykkar af íslenskum skóm, að hvaða leyti þeir voru sérstaklega hentugir eða óhentugir. Hvað olli aðallega, að hætt var að nota þá?

Stígvélaskór.

Hvenær var byrjað að nota stígvélaskó? Nefndust þeir svartaskór, danskir skór eða aðeins stígvélaskór? Var notkun þeirra talin til fordildar fyrst í stað? Þekkjast nokkrar sögur um það? Hverjir gengu fyrst á stígvélaskóm (efnafólk, t.d. presturinn)? Hverjir voru fyrstu skósmiðir í héraðinu? Fengust ólærðir menn við skósmíði? Smíðuðu menn sér sjálfir áhöld til að nota við skósmíði eða skóviðgerðir?